

# HAFNARFJÖRÐUR

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

við Kaldársel í Hafnarfirði



**Katrín Gunnarsdóttir fornlifafræðingur MA**

**Heiðrún Eva Konráðsdóttir sagnfræðingur**

21 \_\_\_\_\_ Byggðasafn Hafnarfjarðar 2016

Fornleifaskráning

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Yfirlitskort fornleifa er aftast í skýrslunni. ....	2
Myndir á forsíðu .....	2
Inngangur .....	3
Lög um menningarminjar. Í 1. grein laganna segir svo.....	4
Aðferð við skráningu.....	5
Friðlýstar fornleifar Kaldárseli. ....	6
Skráningarsvæðið .....	6
Saga .....	7
Fornleifaskráning.....	11
Niðurstöður .....	42
Í lögum um menningarminjar segir .....	43
“ VI. kafli Verndun og varðveisla fornminja 22. gr.....	43
Samantekt á niðurstöðum .....	46
Deiliskipulagssvæðið - heildarkort og yfirlitskort fornleifa. ....	48
Heimildaskrá.....	49
Fylgiskjal 1.....	50
Fylgiskjal 2.....	52

Yfirlitskort fornleifa er aftast í skýrslunni.

## Myndir á forsíðu

Mynd 1: 185-10,11. Fjárskjól.

Mynd 2: 185-5. Undirhleðsla áveitustokks.

Mynd 3. 185-13 Stekkur.

## Inngangur

Kaldársel í Garðakirkjulandi í Álftaneshreppi.

Fornleifaskráning í Kaldárseli í landi Garða fór fram í 31/7 og 12/8 2012 að beiðni skipulagsdeildar Hafnarfjarðarbæjar vegna fyrirhugaðs deiliskipulags afmarkaðs svæðis við Kaldársel. Þar sem áheshluti breyttust varðandi vinnu deiliskipulagsins var ekki unnið úr gögnum skráningarinnar fyrr en nú í september 2016. Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur MA, þá starfandi á Byggðasafni Hafnarfjarðar sá um skráningu, uppmælingu og myndatöku á vettvangi, og sér nú um úrvinnslu á vettvangsgögnum ásamt því að gera grein fyrir niðurstöðum. Sögulegar heimildir um Kaldársel eru unnar af Heiðrúnu Evu Konráðsdóttir sagnfræðingi, nú starfandi á Byggðasafni Hafnarfjarðar, sem einnig skráði gögn fornleifaskráningarinnar í gagnagrunninn Sarp. Sérstakar þakkir til Jónatans Garðarssonar sem viðmælanda og vegna aðstoðar við staðsetningu nokkurra fornleifa, auk nokkurra mynda sem eru merktar honum í skýrslunni.

Svæðið sem um ræðir hefur ekki áður verið deiliskipulagt.

Fornleifaskráning hefur ekki verið gerð sérstaklega fyrir þetta fyrirhugaða deiliskipulagssvæði fyrr.

Fornleifaskráning var gerð 1990 af Sigurði Bergsteinssyni . “Þjóðminjasafn Íslands. Þjóðminjaskráning” frá húsi Skógræktar. Seldal, Kaldársel. Hafnarfjarðarkaupstaður. Það sem þar var skráð kemur ekki inn á fyrirhugað deiliskipulagssvæði.

Svæðisskráning fornleifa í Hafnarfirði var gerð af Fornleifastofnun Íslands 1998:

Fornleifaskráning í Hafnarfirði I. Hildur Gestsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir. Fornleifastofnun Íslands FS065-98-12. Reykjavík 1998.

Þar er skráð Kaldársel GK -168. Þar eru skráðar sögulegar heimildir.

Við þá skráningu hefur Kaldársel verið skráð undir Hvaleyri, en samkvæmt Jarðatali Johnsens 1847 er jarðanúmer Hvaleyrar 168. Samkvæmt heimildum hafa Jón Hjörtsson og Þórunn kona hans leigt selið af Garðaklerki um 1840 þegar land var orðið mjög eytt við Kaldársel. Þau nýttu selið fram yfir 1866. Kaldársel var eftir sem áður í Garðakirkju eign og hefur því jarðanúmer Garða, sem er 185.

### **Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar.**

Með fornleifaskráningu er hægt að fá heildarsýn yfir minjar og gildi þeirra til varðveislu vegna framkvæmda af manna völdum eða að náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

## Lög um menningarminjar. Í 1. grein laganna segir svo:

“Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.”

Í 3. grein laganna er gerður greinarunur á forngrípum og fornleifum sem eru greindar eftirfarandi:

“Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.”

Í 6. grein laganna segir um rannsóknir á fornleifum:

“Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum.”

Í 16. grein segir um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda:

“Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um

tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfírvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Skylt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.”

Í 24 grein segir um áður ókunnar fornminjar:

“Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirætlum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.”

*Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).<sup>1</sup>  
Lög nr. 80 29. júní 2012.<sup>2</sup>*

## Aðferð við skráningu

Áður en að hin eiginlega fornleifaskráning hefst er farið í gegnum þær heimildir sem eru aðgengilegar, svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur, byggðasögur og túnakort. Þá eru einnig skoðaðar loftmyndir af viðkomandi svæði, sem geta gefið upplýsingar um minjar. Þá er rætt við staðkunnuga, ef hægt er að koma því við.

Vinna á vettvangi felst í því að að ganga svæðið og skoða og skrá hvar minjar eru staðsettar eða hafa verið staðsettar samkvæmt heimildum. Skráningin felst í að lýsa viðkomandi fornleif, hún er mæld og ljósmynduð.

Í skýrslunni fá staðsettar fornleifar jarðanúmer samkvæmt Jarðatali Johnsens frá 1847<sup>3</sup> sem hér er 185, og síðan hlaupandi númer innan verkefnisins. Þannig að Kaldársel fær auðkennið: 185 - 1.

Við fornleifaskráninguna er reynt að leggja mat á hvaða tegund minja er um að ræða, eins og híbýli manna, útihús eða nöfn staðhátta í landinu, sem gefa vísbendingu, svo sem eyktarmörk.

<sup>1</sup> Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).

<sup>2</sup> Lög nr. 80 29. júní 2012.

<sup>3</sup> Jarðatal Johnsens 1847, bls.92.

Þá er athugað hversu vel viðkomandi minjar eru varðveittar, og hversu mikilli hættu þær eru í vegna verklegra framkvæmda, jarðræktar eða landrofs. Við mat þetta eru notaðir skráningarstuðlar Minjastofnunar Íslands, sem er að finna á vef stofnunarinnar.

Reynt er að leggja áætlað mat á aldur minjanna, þá eru þær metnar eftir ástandi, útliti og gróðurfari í og við þær. Ef heimildir eru um aldur minjanna er þess sérstaklega getið.

Minjar voru staðsettar á vettvangi með GPS tæki Trimbel Juno St.

Yfirlitsmynd af skráningarsvæðinu er að finna aftast í skýrslunni, ásamt töflu þar sem eru upplýsingar varðandi hverja fornleif, svo sem sérheiti, og ef það hefur verið hlutverk, tegund, ástand, hættumat, hættuorsök og áætlaður aldur. Staðsetning minja er einnig gefin upp í töflum í ísnethnitum ISN 93.

### **Friðlýstar fornleifar Kaldárseli.**

1. *Bæjarrústir, rétt sunnan við skála KFUM, svo og aðrar rústir í hinu gamla túni.*
2. *Fjárborg, nú hrunin, þar sem hæst ber á svonefndum Standi, skammt fyrir norðan bæjarrústirnar.*
3. *Fjánhústóft og gerði, rétt hjá borginni, þeim megin sem frá bæjarrústunum veit.*
4. *Hleðsla undir gamla vatnsveitustokkinn til Hafnarfjarðar, þvert yfir gjá.*

Skjal undirritað af KE 30.04.1964. Þinglýst 05.05.1964.<sup>4</sup>

### **Skráningarsvæðið**

Deiliskipulagsverkefnið sem er í hluta af landi Garða sem frá 1912 er í eigu Hafnarfjarðar, og er unnið fyrir Hafnarfjarðarbæ af Landslagi, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík.

Heiti deiliskipulagsverkefnisins er: Hafnarfjörður, Kaldárbotnar og gjárnar. Fyrirhuguð vinna við deiliskipulag.

Skipulagslýsing- tillaga í vinnslu 03-05-2016.

#### **“Afmörkun svæðisins og náttúrufar samkvæmt deiliskipulagi Landslags ehf landslagsarkitektar FÍLA.**

“Svæðið afmarkast í norðri að mestu af náttúruvættinu Kaldárhraun og Gjárnar og liggur að deiliskipulagi Sléttuhlíðar. Vestan við Kaldárselsveg verða mörkin að aðliggjandi deiliskipulagi Sléttuhlíðar skoðuð þar sem finna þarf svæði fyrir bílastæði utan grannsvæðis vatnsverndar. Auk náttúruvættisins nær deiliskipulagið yfir allt brunnsvæði vatnsverndar í Kaldárbotnum auk hluta grann- og öryggissvæðis. Innan vatnsverndar er Kaldársel. Svæðið er um 257 ha að stærð og er í eigu Hafnarfjarðarbæjar.”

#### **Náttúrufar**

Líkt og kemur fram í greinargerð Landmótunar *Umhverfi og útivist (2006)* fyrir Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025 er Hafnarfjörður á mótum tveggja megin jarðmyndana í jarðfræði höfuðborgarsvæðisins. Annars vegar eru jökulsorfin grágrýtis- og móbergsholt frá

---

<sup>4</sup> Skjal um þinglýsingu friðlýstra fornleifa Kaldárseli.

jökulskeiðum ísaldar og hins vegar hraun frá nútíma, þ.e. yngri en 10.000 ára. Innan skipulagssvæðisins er þetta mjög áberandi í landslaginu. Móberg er á hluta svæðisins, aðallega á brunnsvæðinu. Næst í aldursröð er Búrfellshraunið og yngsta í röðinni innan deiliskipulagssvæðisins er Kaldárhraun sem er sögulegt hraun. Ekki hefur verið gerð sérstök úttekt á gróðri eða dýralífi innan svæðisins, en í aðalskipulagi Hafnarfjarðar kemur fram að hraun sunnan Hvaleyrarvatns eru nær eingöngu þakin mosapembu, en talsvert er um lyng og kjarr í Gráhelluhrauni. Almennt má segja að fuglalíf sé ekki sérlega fjölbreytt enda eru stór svæði í landi bæjarins tiltölulega einsleit búsvæði fyrir fugla.”<sup>5</sup>

Við skráninguna sem var gerð á afmörkuðu svæði deiliskipulagsins voru skráðir 24 minjastaðir. Við skráninguna var stuðst við örnefnaskrá, skrá yfir friðlýstar fornleifar og aðrar skriflegar heimildir, svo sem fornleifaskráninguna frá 1990, Svæðisskráningu fornleifa í Hafnarfirði frá 1998 og loftmyndir. Þá er Jónatan Garðarssyni þakkað sérstaklega fyrir veitta aðstoð, bæði sem viðmælanda og varðandi staðsetningu nokkurra minja á svæðinu.

Á því afmarkaða svæði sem deiliskipulagið er fyrirhugað hefur ekki orðið mikið jarðrask í gegnum tíðina nema við þær byggingar sem standa á gamla bæjarstæðinu og voru byggðar árið 1925 af K.F.U.M. og K., sem er hús til sumardvalar fyrir börn. Fornleifaskráningin fór því fram í að mestu fram í ósnortu landinu, sem er þó nokkuð skorið af vegum sem liggja um svæðið. Við skráningu minja á fyrirhuguðu deiliskipulagssvæði er stuðst við heimildir ásamt að rætt var við heimildarmann. Þegar þessar vitnenskjur eru unnar saman gefa þær góðar vísbendingar um hvar minjar er að finna í landinu.

Kortagrunnur fyrir deiliskipulagssvæðið er fenginn hjá Landslagi, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík.

## Saga

Kaldársel.

Kaldársel er við Kaldá þar var selstaða frá prestsetrinu á Görðum og tilheyrði Garðakirkjulandi í Álftaneshreppi samkvæmt Jarðatali Johnsens 1847 og þar hefur jörðin jarðanúmerið 185.<sup>6</sup>

Kaldársels er fyrst getið í árið 1703 í *Jarðabók Árna og Páls*, þá sem seli frá Görðum á Álftanesi. „Selstöðu á staðurinn þar sem heitir við Kaldá, þar eru bæði hagar og vatnsból gott.“<sup>7</sup> Kaldársel liggur 6-7 km suðaustur af þéttbýli Hafnarfjarðar. Staðurinn dregur nafn sitt af ánni sem Kaldá heitir, en bærinn stóð örfá metra frá ánni. Á svæðinu var mikill skógur sem áður fyrr var nýttur til kolagerðar og eldiviðar.<sup>8</sup> Ekki er vitað hvenær landið komst í eigu Garðakirkju, en ljóst er að Garðaprestar höfðu þar í seli. Í ferðabók sinni segir Sveinn Pálsson frá seli sem Markús Magnússon prófastur á Görðum hefur 1791:

---

<sup>5</sup> Kaldársel, Kaldárbotnar og Gjárnar – skipulagslýsing vegna vinnu við deiliskipulag bls. 2-3 í deiliskipulagstillögunni.

<sup>6</sup> Jarðatal J. Johnsens 1847, bls. 92.

<sup>7</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 3. Bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Kaupmannahöfn 1923-1924. Bls. 180.

<sup>8</sup> Gunnlaugur Haraldsson: *Helgistaðir við Hafnarfjörð. Garðaprestakall hið forna*. I. bindi. Hafnarfjörður 2014. Bls. 168.

Þarna í grenndinni hefur Markús prófastur í seli og hyggst einnig héðan í frá að hafa allt fé sitt þar á vetrum og láta tvo menn gæta þess þar. Í þessu skyni hefur hann látið bera þar saman 100 hesta hey, sem slegið er þar efra, svo hægt sé að gefa fé, ef svo verður hart í ári, að tekur fyrir beit. Aukk þessa hefur þessi dugnaðar bóndi látið gera nokkrar fjárborgir úr grjóti þar í grennd. Þetta eru eins konar fjárhús, kringlótt og keilulaga og hlaðin þannig saman, að enginn spýta er í þeim. Hver þeirra rúmar um 50 fjár.<sup>9</sup>

Má ætla að hér sé um lýsingu á Kaldárseli er að ræða. Lítið er vitað um Kaldársel frá því Sveinn Pálsson var þar á ferð í nóvember árið 1792 þar til árið 1842. Í lok 19. aldar nýttu Hvaleyrarbændur Kaldársel sem selstöðu og leigðu þá selstöðuna af Garðakirkju. Árið 1842 keypti Jón Hjörtson Hvaleyri og allar hjáleigur jarðarinnar. Jón og Þórunn Sigurðardóttir kona hans voru með selstöðu í Kaldárseli á þeim tíma er þau bjuggu á Hvaleyri. Jón og Þórunn höfðu sjálf umsjón með selinu og voru þar stóran hluta úr sumrinu. Jón lést árið 1866 og eftir það lögðust selfarir í Kaldársel niður.<sup>10</sup>

Árið 1867 er talið fyrsta árið sem Kaldársel var í byggð allt árið. Þá bjó í Kaldárseli Jón Jónsson, kona hans og tvö börn þeirra. Talið er að Jón og hans fjölskylda hafi búið í Kaldárseli í tvö ár. Á meðan Jón bjó í Kaldárseli var hann skrifaður þurrabúaðarmaður. Við brottför þeirra úr Kaldárseli lagðist búskapur þar niður í nokkur ár. Árið 1876 voru þrír skráðir til heimilis í Kaldárseli. Það var Þorsteinn Þorsteinsson bóndi, en hann var ókvæntur og barnlaus, ásamt ráðskonu og tókubarni. Á þeim tíu árum sem Þorsteinn bjó í Kaldárseli voru heimilismenn allt frá einum og upp í sex. Aðalbústofn Þorsteins var sauðfé, og hafði hann einnig eitt til tvö hross. Fé hans hafði nokkra sérstöðu því var það nánast allt ferhyrnt, sem hafði einnig þann eiginleika að vera harðgert og polið beitarfé. Þorsteinn var í Kaldárseli fram til dauðadags árið 1886. Þegar hann lést bjó hjá honum stúlka frá Hafnarfirði að nafni Sigríður Bjarnadóttir. Við andlát Þorsteins lauk fastri búsetu í Kaldárseli. Eftir að Þorsteinn féll frá voru í Kaldárseli nokkrar byggingar og önnur mannvirki sem ætla má að flest hafi verið gerð af Þorsteini.<sup>11</sup> Þar má meðal annars nefna matjurtargarð og hlaðinn garð umhverfis túnið. Er húsakosti lýst á eftirfarnandi hátt í bókinni *Áður en fífan fýkur* eftir Ólaf Þorvaldsson: „Bæjarhús voru lítil en snoturlega byggð, og voru baðstofa, búr, eldhús og bæjardyr. Allar voru tætturarnar vel hlaðnar úr sléttum, en nokkuð þykkum brunahellum og hvergi mold né torf á milli, svo sem venja var til um flestar byggingar þess tíma.“<sup>12</sup> Húsin í Kaldárseli voru því nokkuð sérstæð þar sem þau voru einungis byggð úr grjóti. Þegar Daniel Bruun var á ferðinni um Kaldársel rétt fyrir aldamótin 1900 lýsti hann rústunum á eftirfarandi hátt: „Þar eru nokkrar tóttir bæði af bæjar- og útihúsum, og nokkur fjárskýli bæði opin og lokuð. Sérstaklega ber að geta þar um tvær fjárborgir ... einnig eru þar fjárréttir og loks fjárskjól í hellum í hrauninu. Hjá bæjarhúsunum er fjárhús og hésthús en ekkert fjós.“<sup>13</sup>

<sup>9</sup> Sveinn Pálsson: *Ferðabók Sveins Pálssonar*. I bindi. Reykjavík 1983. Bls. 34-35.

<sup>10</sup> Ólafur Þorvaldsson: *Áður en fífan fýkur*. Reykjavík 1968. Bls. 121, 123-125.

<sup>11</sup> Ólafur Þorvaldsson: *Áður en fífan fýkur*. Reykjavík 1968. Bls. 125-128 og 130.

<sup>12</sup> Ólafur Þorvaldsson: *Áður en fífan fýkur*. Reykjavík 1968. Bls. 127

<sup>13</sup> Bruun, Daniel: *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár*. II bindi. Reykjavík 1987. Bls. 325

Fljótlega eftir andlát Þorsteins voru húsin í Kaldárseli öll rifin nema baðstofan, en hún fékk að standa þar til um aldamótin 1900. Var baðstofan notuð sem afdrep fyrir fjármenn Setbergsbænda sem ráku fé sitt á þessum slóðum og Krýsvíkinga áttu leið þar um á ferðum sínum til og frá Hafnarfirði. Einnig nýttu þessa aðstöðu haustleitarmenn Grindavíkurhrepps og hinir fjölmörgu erlendu ferðamenn sem leið áttu til Krísvíkur. Um 1906 var aftur gerð tilraun til búskapar í Kaldárseli, sá maður var ungur Hafnfirðingur að nafni Kristmundur Þorláksson. Kristmundur byggði yfir gömlu baðstofufúttina og nýtti sem heyllöðu, og einnig byggði hann fjárhús. Kristmundur hafði lömbin á húsi, en ærnar við hella norður af Kaldárseli. Kristmundur stoppaði stutt við í Kaldárseli eða einn vetur. Löng gangan milli Hafnarfjarðar og Kaldársels, músétin lömb og sú staðreind að honum bauðst vist hjá bóndanum í Hvassahrauni þar sem hann gat tekið fé sitt með sér voru ástæður þess að hann ákvað að hætta búskap í Kaldárseli. Kristmundur var síðasti bóndinn í Kaldárseli.<sup>14</sup>

Hafnarfjörður keypti mikið land af Garðakirkju árið 1912, þar á meðal Kaldársel. Vatnsskortur var farinn að láta á sér bera í Hafnarfirði og því voru umbætur gerðar árið 1918. Ákveðið var að flytja hluta vatnsmagns Kaldár í ofanjarðar tréstock og sleppa því í suðurhorn Sléttuhlíðar. Stokkurinn var um 1,5 km að lengd. Vatnið fann sér leið neðanjarðar að Lækjarbotnum þar sem vatnsveita Hafnfirðinga var. Skiluðu þessar umbætur nægjanlegum vatnsbirgðum til Hafnfirðinga. Árin 1949 til 1953 var ráðist í umbætur á vatnsleiðslunni frá Kaldá, gerð var neðanjarðarleiðsla sem náði frá Kaldá og alla leið til Hafnarfjarðar. Árið 1955 var byggð lögrétt í Kaldárseli fyrir Hafnarfjarðarbæ, Garða- og Bessastðahrepp. Árið 1925 byggðu félagin K.F.U.M. og K. bæði í Reykjavík og Hafnarfirði hús til sumardvalar barna.<sup>15</sup> Börnin voru flest á aldrinum 8-10 ára. Í Vísir 28. júlí 1929 lýsir Sigurbjörn Á. Gíslason dagsferð í Kaldársel. Þar á meðal lýsir hann hinum nýju húskynnum K.F.U.M.:

Í skálanum eru 2 smáherbergi, eldhús og svefnstofa, og eitt stórt, þar eru 24 rúm, þrjú sett upp á við og 2 langborð í miðju, til að matast við. Félagin nota skálann sumpart handa sjálfum sér að sumarbústað og sumpart þó eða einkanlega nú sem drengjubústað. Drengirnir voru í þetta sinn flestir 8 til 10 ára gamlir, bæði úr Reykjavík og Hafnarfirði.<sup>16</sup>

K.F.U.M og K. er enn þann dag í dag með starfsemi í Kaldárseli þótt húsið sé mikið breytt frá lýsingu Sigurbörns.

---

<sup>14</sup> Ólafur Þorvaldsson: *Áður en fífan fýkur*. Reykjavík 1968. Bls. 130-135.

<sup>15</sup> Ólafur Þorvaldsson: *Áður en fífan fýkur*. Reykjavík 1968. Bls. 136-138.

<sup>16</sup> Sigurbjörn Á. Gíslason: „Í Kaldárseli“. *Vísir* (28.07.1928). bls. 2.

**Við þessa fornleifaskráningu er skráð afmarkað svæði Kaldásels í landi Garða samkvæmt deiliskipulagi Landmótunnar. Landsvæðið sem er í kringum núverandi byggingar Kaldársels er að mestu grasivaxið, en síðan tekur við mosagróið og grasivaxið land sem liggur í kletta- og hraunlögðu landinu, þar sem innan um er þó nokkur lágvaxinn trjágróður. Innan svæðisins er gert grein fyrir minjunum og farið í gegnum þær heimildir sem eru aðgengilegar svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögur. Þá er athugað hversu vel viðkomandi minjar eru varðveittar, og hversu mikilli hættu þær eru í vegna verklegra framkvæmda, jarðræktar eða landrofs. Við mat þetta eru notaðir skráningarstuðlar Minjastofunar Íslands, en þá er að finna á vef stofnunarinnar.**

Reynt er að leggja áætlað mat á aldur minjanna, þá eru þær metnar eftir ástandi, útliti og gróðurfari í og við þær. Ef heimildir eru um aldur minjanna er þess sérstaklega getið.

Á afmörkuðu svæði deiliskipulagsins sem er fyrirhugað voru skráðir 24 minjastaðir. Við skráninguna var stuðst við örnefnaskrá, skrá yfir friðlýstar fornleifar og aðrar skriflegar heimildir, loftmyndir og heimildir frá Jónatan Garðassyni, Hafnarfirði.

Mesta jarðrask í gegnum tíðina á deiliskipulagssvæðinu hefur orðið í og við þær byggingar sem standa í gamla bæjarstæðinu, en þær og voru byggðar árið 1925 af K.F.U.M. og K. sem hús til sumardvalar fyrir börn. Fornleifaskráningin fór fram að mestu fram í ósnortu landinu sem er þó nokkuð skorið af vegum sem liggja um svæðið.


Kortagrunnur fyrir deiliskipulagssvæðið er fenginn hjá Landslagi, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík. Kortavinnsla var gerð á Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar af Elsu G. Jónsdóttur landfræðingi og Ingvari Reynissyni mælingamanni.

## Fornleifaskráning

Kaldársel. Júlí-ágúst 2012



Mynd 1. horft til suðsuðvesturs yfir tóftina.



Teikning 1. Tóftin.

### Kaldársel 185 - 1

**Hlutverk:** Bæjarstæði/sel

**Tegund:** Tóft

**Friðlýst.**

**Aldur:** 1703

**Hnit:** X 359499 Y 394173

**Staðhættir:** Tóftin er fast vestan við innkeyrslu og bílastæði að aðalbyggingu Kaldársels á grasivöxnu svæði. Byggingar sem nú standa austan við eru byggðar að hluta til eða öllu leiti í gamla bæjarstæðinu.

**Lýsing:** Tóftin er grasivaxin, þó ekki með háu grasi. Veggir eru frekar signir, útflattir og óljósir, en þó má greina tóftina sem tveggja hólfa, og þrjá garða sem marka hólfin. Tóftin er opin til suðvesturs. Hleðsluhæð á báðum hliðarveggjum er um 0.50 m, og á miðjuvegg um 0.40 m. Veggjaþykkt er um 2-3 m. Flaggstöng hefur verið sett niður í miðjum í endavegg tóftarinnar.

#### Aðrar upplýsingar: Sögulegar.

Kaldársels er fyrst getið í árið 1703 í *Jarðabók Árna og Páls*, þá sem seli frá Görðum á Álftanesi,

Staðurinn dregur nafn sitt af ánni sem Kaldá heitir en bærinn stóð örfá metra frá ánni. Á svæðinu var mikill skógur sem áður fyrr var nýttur til kolagerðar og eldiviðar.<sup>17</sup> Ekki er vitað hvenær landið komst í eigu Garðakirkju en ljóst er að Garðaprestar höfðu þar í seli. Í ferðabók sinni segir Sveinn Pálsson frá seli sem Markús Magnússon prófastur á Görðum hefur 1791:

Lítið er vitað um Kaldársel frá því Sveinn Pálsson var þar á ferð í nóvember árið 1792 þar til árið 1842. Í lok 19. aldar nýttu Hvaleyrarbændur Kaldársel sem selstöðu og leigðu þá selstöðuna af Garðakirkju.

<sup>17</sup> Gunnlaugur Haraldsson: *Helgistaðir við Hafnarfjörð. Garðaprestakall hið forna*. I. bindi. Hafnarfjörður 2014. Bls. 168.


Árið 1842 keypti Jón Hjörtson Hvaleyri og allar hjáleigur jarðarinnar. Jón og Þórunn Sigurðardóttir kona hans voru með selstöðu í Kaldárseli á þeim tíma er þau bjuggu á Hvaleyri. Jón og Þórunn höfðu sjálf umsjón með selinu og voru þar stóran hluta úr sumrinu. Jón lést árið 1866 og eftir það lögðust selfarir í Kaldársel niður

Árið 1867 er talið fyrsta árið sem Kaldársel var í byggð allt árið. Og er talið að þau hafi búið þar í 2 ár.

Árið 1876 eru 3 skráðir til heimilis í Kaldárseli og var búið það í 10 ár eða til 1886, en þá lauk fastri búsetu í Kaldárseli.

Þegar Daniel Bruun var á ferðinni um Kaldársel rétt fyrir aldamótin 1900 lýsir hann rústunum á eftirfarandi hátt: „Þar eru nokkrar tóttir bæði af bæjar- og útihúsum, og nokkur fjárskýli bæði opin og lokuð. Sérstaklega ber að geta þar um tvær fjárborgir...einnig eru þar fjárréttir og loks fjárskjól í hellum í hrauninu. Hjá bæjarhúsunum er fjárhús og hesthús en ekkert fjós.“<sup>18</sup>

Þá segir í bókinni “*Áður en fifan fýkur*” eftir Ólaf Þorvaldsson: „Bæjarhús voru lítil en snoturlega byggð, og voru baðstofa, búr, eldhús og bæjardyr. Allar voru tæturnar vel hlaðnar úr sléttum, en nokkuð þykkum brunahellum og hvergi mold né torf á milli, svo sem venja var til um flestar byggingar þess tíma.“<sup>19</sup> Húsin í Kaldárseli voru því nokkuð sérstæð þar sem þau voru einungis byggð úr grjóti.



Grunnteikning af bæjarhúsunum í Kaldárseli úr bókinni Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár eftir Daniel Bruun. „Rústir bæjarhúsa í Kaldárseli ofan Hafnarfjarðar – grunnmynd, A bæjarstæði. B baðstofa. C eldhús. D búr. E hesthús með stalli. F fjárhús með jötu. G-G kálgarðsveggir. (Johs. Klein 1898).<sup>20</sup> Bls. 326.

19 Ólafur Þorvaldsson: *Áður en fifan fýkur*. Reykjavík 1968. Bls. 127

<sup>20</sup> Bruun, Daniel: *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár*. II bindi. Reykjavík 1987. Bls. 325-326.

Fljótlega eftir síðasta ábúandann 1886 voru húsin í Kaldárseli öll rifin nema baðstofan, en hún fékk að standa þar til um aldamótin 1900

Um 1906 var aftur gerð tilraun til búskapar í Kaldárseli, sá maður var ungur Hafnirðingur að nafni Kristmundur Þorláksson. Kristmundur byggði yfir gömlu baðstofutóftina og nýtti sem heyhlöðu einnig byggði hann fjárhús. Kristmundur var síðasti bóndinn í Kaldárseli

Hafnarfjörður keypti mikið land af Garðakirkju árið 1912, þar á meðal Kaldársel.

Árið 1955 var byggð lögrétt í Kaldárseli fyrir Hafnarfjarðarbæ, Garða- og Bessastaðahrepp. Árið 1925 byggðu félögin K.F.U.M. og K járnvarið timburhús fyrir sumarbúðir sínar í Kaldárseli.

#### **Heimildir:**

Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 3. bindi. Gullinbringu- og Kjósarsýsla. Kaupmannahöfn 1923-1924. Bls. 180.

Brunn, Daniel: *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár*. II bindi. Reykjavík 1987. Bls. 325-326.

Gunnlaugur Haraldsson: *Helgistaðir við Hafnarfjörð*. Garðaprestakall hið forna. I. bindi.

Hafnarfjörður 2014, bls. 168.

Ólafur Þorvaldsson: *Áður en fifan fýkur*. Reykjavík 1968, bls. 130-136-138.

Sveinn Pálsson: *Ferðabók Sveins Pálssonar*. I bindi. Reykjavík 1983, bls. 34-35.

## Kaldársel 185 - 2.



*Mynd 2, horft í suður yfir vaðið.*

**Sérheiti:** Kaldárvað

**Hlutverk:** Vað

**Tegund:** Hleðsla

**Aldur:** 1880

**Hnit:** X 359575            Y 394129


**Staðhættir:** Vaðið er um 50 m frá Kaldárselshúsinu í suður.

**Lýsing:** Kaldáin rennur í gegnum landið í smá sveigum sunnan við aðalbyggingu Kaldársels. Þar sem vaðið liggur eru hlaðnir kantar þar sem áin rennur í gegn. Hleðsluhæð kantanna er um 0.25m, eru þeir á um 4-5 m svæði á kantinum sem er fjær húsunum og á um 2.5 m bili þar sem er næst því.

## Kaldársel 185 – 3



Mynd-3, horft til vesturs yfir garðlagið.



Teikning 2. Garðlagið.

<b>Hlutverk:</b>	Óþekkt	
<b>Tegund:</b>	Garðlag	
<b>Aldur:</b>	1880	
<b>Hnit:</b>	X 359529	Y 394151
	X 359541	Y 394143

**Staðhættir:** Kantarnir liggja í suður frá húsum Kaldársels og liggja út að Kaldá.

**Lýsing:** Sunnan við Kaldársel er nokkuð slétt grasflöt sem liggur að ánni. Þó má sjá móta fyrir tveimur grasivöxnum köntum sem liggja niður að ánni, milli þeirra eru um 13-14 m. Austari kanturinn er um 7 - 8 m langur og um 2 m breiður. Um 1 m breitt skarð er í hann nálægt norðurenda, hæðin á þessum kanti er um 0.30 m. Vestari kanturinn er um 9 m, um 2 - 2.5 m breiður og um 0.40 m á hæð. Fyrir framan er hleðslukantur um 4 m langur sem nær út í ána. Ekki er hægt að greina hleðslur í þessum köntum, en þeir eru mjög grónir og grasivaxnir.

## Kaldársel 185 - 4



*Mynd 4. horft til noðurs eftir veginum.*

**Hlutverk:** Samgöngubót

**Tegund:** Hleðsla, uppfylling

**Aldur:** 1950

**Hnit:** X 359542                      Y 394144

X 359676                      Y 394413

**Staðhættir:** Vegurinn liggur um Lambagjá, sem er um 250 m norðnorðaustur frá Kaldárseli.

**Lýsing:** Þar sem undirhleðslan er undir veginum er hann um 10 m langur og um 2-3 m breiður. Hleðslukantarnir upp að veginum er um 3 - 4 m háir.

**Aðrar upplýsingar:** Samkvæmt heimildarmanni var vegurinn lagður sérstaklega þegar nýja vatnsleiðslan var lögð frá Kaldárbotnum til Hafnarfjarðar á tímabilinu 1949-1950, og fylgir leiðslan veginum.

## Kaldársel 185-5



Mynd 5, horft í suðaustur frá norð-vesturhluta garðsins.



Mynd 6, horft í suðaustureftir garðinum.

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Garðlag

**Aldur:** 1918

**Friðlýst.**

**Hnit:** Sjá fylgiskjal 2.

**Staðhættir:** Undirhleðsla stokksins liggur í gegnum landið allt frá vegi sem liggur frá Lambagjá í vestur og fylgir síðan landinu upp að slóða sem liggur að Helgafelli í suður.

**Lýsing:** Undirstöðugarðurinn var upphaflega 1.5 km langur. Sá hluti hans sem liggur í gegnum fyrirhugað skipulagssvæði er um 587 m langur. Hleðslan liggur frá veginum sem lagður var sérstaklega þegar nýja vatnsleiðslan var lögð frá Kaldárbotnum til Hafnarfjarðar á tímabilinu 1949-1950. Frá Lambagjá að hleðslunni eru um 120 m í norður. Þar liggur hleðslan í vestur og fer í boga í gegnum landið til suðurs að deiliskipulagsmörknum. Þar sem vesturendi hleðslunnar er út við Kaldárselsveginn hefur hleðslan legið áfram til norðurs, en þessi norðurstefna hleðslunnar er þó ekki sýnileg innan deiliskipulagsins, en hnit 185-q er utan svæðisins en sýnir stefnu hleðslunnar til Hafnarfjarðar.

Ysta hleðsla garðsins er nokkuð slétt og áferðin nokkuð jöfn, en innan við það er hleðslan grófari. Frá veginum að Kaldárseli er garðurinn nokkuð óljós í byrjun þar sem hann liggur í vestur í átt að Lambagjá og liggur yfir hana þar er hann um 1-3 m breiður og hleðsluhæð um 0.40 m. Á þessum hluta er garðurinn um 13 m langur, þá kemur rof í hann um 6-7 m langt, og síðan heldur hann áfram og hleðslan fer um Lambagjá. Þar er hleðslan um 1.20 - 1.60 m að sunnan en að norðan um 0.50 m. Þessi hluti garðsins er um 8-9 m langur. Ofan á þessum hluta hleðslunnar hafa hleðslur raskast, en ytri hleðslur hafa haldist. Þá tekur við nokkuð langur kafli sem liggur í nokkuð sléttu landinu. Þarna hafa hleðslur hrunið nokkuð, en garðurinn er þó vel sýnilegur og hægt að fylgja honum. Hleðsluhæð á þessu svæði um 0.25- 0.40 m. Eftir

Þennan hluta klofnar garðurinn í tvo arma og á milli þeirra er um 1.5 m breið renna. Hleðsluhæð á þessum hluta er um 0.50-0.70 m. Veggjaþykkt um 1 m. Í rennunni er steipt gólf að hluta til, en á milli moldarjarðvegur. Nokkuð hefur hrunið úr hluta vestari garðsins. Þá taka við grasivaxnir garðar þar sem bilið á milli þeirra er um 1 m. Hleðsluhæð á austari armi er um 0.50 m, en syðsti hluti garðsins er um 1 m á hæð. Vestari armur er aðeins styttri, þar er hleðsluhæð um 0.40 m, og veggjaþykkt um 0.50 m. Garðurinn endar út við vírgirðingu sem er við gönguslóðann þar sem leiðin er þegar farið er á Helgafell. Þar heldur garðurinn áfram nokkra metra og rennur saman við landið.

**Aðrar upplýsingar:** Hafnarfjörður keypti mikið land af Garðakirkju árið 1912, þar á meðal Kaldársel. Vatnsskortur var farinn að láta á sér bera í Hafnarfirði og því voru umbætur gerðar árið 1918. Ákveðið var að flytja hluta vatnsmagns Kaldár í ofanjarðar tréstock og sleppa því í suðurhorn Sléttuhlíðar. Stokkurinn var um 1,5 km að lengd. Vatnið fann sér leið neðanjarðar að Lækjarbotnum þar sem vatnsveita Hafnfirðinga var. Skiluðu þessar umbætur nægjanlegum vatnsbyrgðum til Hafnfirðinga.

Heimild: Ólafur Þorvaldsson: *Áður en fifan fýkur*. Reykjavík 1968. Bls. 136-138.

Samkvæmt heimildarmanni voru hellur úr Kaldárselsbænum notaðar til að hlaða undir stokkinn þar sem hann lá um Lambagjá, og þar með voru bæjarhúsin eyðilögð.

## Kaldársel - 185- 6



*Mynd 7, horft í suður að hleðslum í skorningunum.*

**Hlutverk:** Áveita.

**Tegund:** Hleðsla.

**Aldur:** 1860-80 eða eldra.

**Hnit:** X 359319                      Y 394197

**Staðhættir:** Um 200 m frá Kaldaárseli í vestur liggur í skorningum í landinu, sem nefnast Neðri-Kaldárbotnar, uppþornaður lækjarfarvegur sem nú er grasivaxinn og víða í honum má sjá trjágróður.

**Lýsing:** Hleðslurnar sem eru í skorningum hafa hrunið að mestu og liggja nokkuð þétt saman á jörðinni. Steinastærð er um 0.10-0.15 m. Hleðsluhæð 0.20-0.50 m. Breiddin á skorningnum er um 4-5 m.

## Kaldársel 185-7



*Mynd 8, horft í suður að hleðslum í skorningunum.*

**Hlutverk:** Hleðsla

**Tegund:** Áveita


**Aldur:** 1860-80 eða eldra

**Hnit:** X 359338 Y 394197

**Staðhættir:** Um 160 m frá Kaldaárseli í vestur liggur í Neðri-Kaldárbotnum, sem eru skorningar í landinu, uppþornaður lækjarfarvegur sem nú er grasivaxinn og víða í honum má sjá trjágróður.

**Lýsing:** Hleðslurnar sem eru í skorningum hafa hrunið að mestu og liggja nokkuð þétt saman á jörðinni. Steinastærð um 0.10-0.15 m. Hleðsluhæð 0.20 m. Breiddinn á skorningnum er um 5- 6 m.

## Kaldársel 185-8



Mynd 9, horft til suðausturs yfir tóftina.

Teikning 3. Tóftin.

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Tóft/Garðlag

**Aldur:** 1860-80 eða eldra

**Friðlýst.**

**Hnit:** X 359317 Y 394425

**Staðhættir:** Um 400 m eftir veginum frá Kaldárseli í vestur að Hafnarfirði. Uppi á smá hóldragi í landinu suðvestan undir Borgarstandi um það bil þar sem vegurinn beygir til norðurs eru um 10 m frá veginum að fjárhústóftinni.


**Lýsing:** Tóftin er á milli klettaveggja. Skammhliðar eru hlaðnar, og er hleðsluhæð á endavegg um 0.80 m, steinastærð 0.40-0.70 m. Framveggur er hlaðinn með inngangi sem er opinn til vesturs, þar er hleðsluhæð um 0.60 m. Veggjahleðslur að inngangi ná 2 - 3 m fram fyrir hann. Norðurhlið, langhlið er að mestu klettaveggur og er hæðin um 1.60 m, en við austurhluta klettaveggjarins er hleðsla sem liggur út að endaveggnum. Þar er hleðsluhæð um 0.60-0.80 m. Suðurhlið, langveggur er einnig klettur, en lægri en norðurhlið, eða um 0.40 -0.60 m. Ofan á hann hefur verið hlaðið steinaröð og þar er hæðin um 0.80 m.

**Aðrar upplýsingar:** Kaldárselsstígur liggur framan við og neðan undir tóftinni. Gatan er mjög greinileg þar sem hún liggur þarna um og beggja vegna, þ.e. í áttina að Kaldárseli og í áttina að Gjánúum.

## Kaldársel 185- 9



Mynd 10, horft í suður yfir stekkinn.



Teikning 4. Stekkurinn (neðst).

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Garðlag

**Aldur:** 1880

**Friðlýst.**

**Hnit:** X 359307 Y 394419

X 359314 Y 394411


**Staðhættir:** Um 400 m eftir veginum frá Kaldárseli í vestur að Hafnarfirði. Uppi á smá hóldragi í landinu suðvestan við Borgarstandinn um það bil þar sem vegurinn beygir til norðurs eru um 10 m frá veginum að fjárhústóft og rétt, og frá henni svæði sem er afmarkað með hleðslum á milli hrauns og kletta.

**Lýsing:** Að hóldraginu, þar sem gerðið er, er nokkuð slétt land með einstaka klettum og hrauni. Á milli þeirra eru veggjahleðslur sem loka rýminu að gerðinu. Svæðið er grasivaxið. Hleðsluhæð að austan er um 0.25 m og að vestan um 0.25-0.40 m. Steinastærð um 0.25-0.40 m.

## Kaldársel - 10



Mynd 11, horf til suðurs yfir hleðslurnar.



Teikning5. Fjárskýlið.

**Hlutverk:** Fjárskýli

**Tegund:** Hleðsla/náttúruminjar

**Aldur:** 1860-1880 eða eldra

**Hnit:** X 359433 Y 394662

**Staðhættir:** Á afmörkuðu svæði þar sem vegurinn liggur ofan og sunnan Sléttuhlíðar sunnan Klifsholta og Smalaskála, og heldur áfram til suðausturs, er annar armur, sem beygir að Kaldárseli. Suðvestan við gatnamótin er nokkuð slétt snöggvaxið graslendi og lynggróður með hraunbreiðum og gisnum lágvöxnum trjágróðri. Í smá lægð í landinu eru hleðslur sem hlaðnar eru inn í landið og umhverfið notað sem stuðningur við þær. Hellirinn og hleðslan eru um 55 m frá gatnamótunum í vestur.

**Lýsing:** Í jarðsigi í landinu er smá hellisskúti. Þar hefur verið hlaðið í opið, en hleðslur eru hrundar og ekki hægt að sjá hvernig þær hafa verið hlaðnar. Hellirinn er um 4.5 m langur, hæðin við opið er um 1.60 m en lækkar inn. Þar sem hellisskútinn er undir á suðurhlið er hlaðið ofan á náttúrlega myndaða hraunhelluna. Þar er hæðin um 1 m og ofan á það er hleðsluhæð 0.75 m.


Innan í jarðsigið eru hlaðnar hleðslur, einnig eru hleðslur ofan á köntum jarðsigisins sem hækka það. Hleðsluhæð á langhlið að austan er um 1m og er grasivaxin. Á vesturlanghlið er neðsti hluti hliðarinnar náttúrulega myndaður um 0.90 m á hæð. Ofan á er hlaðið, og er hleðsluhæð um 0.60 m. Þar sem hellisskútinn er undir er hlaðið ofan á náttúrlega myndað landið, þar er hæðin um 1.60 m og ofan á það er hleðsluhæð um 1.10 m. Inngangur í hólfið á austurlanghlið er við suðausturhorn tóftarinnar. Út frá norður skammhlið eru hleðslur sem mynda hólfið þar sem er smáhellisskúti er í norðvesturhorni hólsins. Hleðsluhæð á veggjum á austurhlið er um 0.30 m, og á norðurhlið 0.40 m. Hæðin fremst í hellisskútanum er um 1 m, en lækkar inn. Skútinn er um 1-1.5 m langur. Að skútanum liggur mjó gönguleið (fjargata)

um 1.5 m löng og um 0.30 m breið á milli lágra grasivaxinna hraunsteina. Óljós inngangur er í hólfið þar sem austur langhlið kemur saman við austurhlið hólsins.

## Kaldársel 185-11



Mynd 12, horft til vesturs að opi skútans.  
Til vinstri er 185-10.



Teikning 6. Fjárskýli.

**Hlutverk:** Fjárskýli

**Tegund:** Hleðsla/náttúruminjar

**Aldur:** 1860-80 eða eldra

**Hnit:** X 359431 Y 394667


**Staðhættir:** Á afmörkuðu svæði þar sem vegurinn liggur ofan og sunnan Sléttuhlíðar og heldur áfram til suðausturs er annar armur, sem beygir að Kaldárseli. Suðvestan við gatnamótin er nokkuð slétt snöggvaxið graslandi og lynggróður með hraunbreiðum og gisnum lágvöxnum trjágróðri. Hellisskútinn er í um 2-3 m frá 185-10 í suður. Hellirinn og hleðslan eru um 55 m frá gatnamótunum í vestur.

**Lýsing:** Náttúrulega löguð steinamyndun sem myndar smá skúta í landinu, sem er opinn í norður. Út frá opi skútans eru garðlag sem mynda smá hólf fyrir framan opið. Hleðsluhæð um 0.34-0.40 m. Opið í skútann liggur um 1 m lægra en landið í kring, og er skútinn um 2 m á lengd og um 1 m á hæð. Þessi skúti er um 2-3 m frá hellisskúta 185-10 í suður.

## Kaldársel 185-12



Mynd 13, horft til norðurs að hellinum.



Teikning 7. Hellirinn.

**Hlutverk:** Fjárskýli/fjánhellir.

**Tegund:** Hleðsla/náttúruminjar.

**Aldur:** 1860-1880 eða eldra.

**Hnit:** X 359428      Y 394687

**Staðhættir:** Á afmörkuðu svæði þar sem vegurinn liggur ofan og sunnan Sléttuhlíðar og heldur áfram til suðausturs, er annar armur sem beygir að Kaldárseli. Suðvestan við gatnamótin er nokkuð slétt snöggvaxið graslendi og lynggróður með hraunbreiðum og gisnum lágvöxnum trjágróðri. Í smá lægð í landinu eru hleðslur sem hlaðnar eru inn í landið og umhverfið notað sem stuðningur við þær. Hellirinn/hleðslan er um 90 m frá gatnamótunum í vestur.


**Lýsing:** Í kringum hellisskútann eru hleðslur sem afmarka innganginn. Hellisskútinn liggur inn í lyngvaxið hóldrag. Hæð opsins er um 1.70 m, en lækkar inn. Skútinn er um 3 m langur. Hleðsluhæð við opið að vestan er um 0.80 m og að austan er hleðsluhæð um 1.10 m.

**Aðrar upplýsingar:** Heita Kaldárselshellar, líka nefndir Selhellar.

## Kaldársel 185-13



Mynd 14, horft til vesturs yfir stekkin.



Teikning 8. Stekkurinn.

## 29 Stekkur

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Garðlag

**Aldur:** 1850

**Hnit:** X 359071 Y 394570

**Staðhættir:** Vegurinn að Kaldárseli liggur ofan og sunnan Sléttuhlíðar og heldur áfram til suðausturs, en annar armur beygir að Kaldárseli. Áður en komið er að Kaldárseli skiptist vegurinn aftur og liggur þá í austur að Kaldárseli, en hinn armurinn liggur í vestur. Eftir þeim vegi eða slóða eru um 230 m að stekknunum þar sem hann er mótaður af klettabelti og þar sem hlaðið hefur verið milli kletta og fyrirhleðslur til að loka honum af.

Þarna er gamli Kaldárselsvegurinn - austan við bílveginn sést gamli vegurinn klappaður í hraunhelluna.

**Lýsing:** Stekkurinn er mótaður inn í náttúrlega lagað landið, og þar sem það ekki nær til eru hleðslur sem loka af rýminu. Klettabeltið sem umlykur er um 3-4 m hátt. Stekknum er skipt upp í þrjú hólf. Hleðsluhæð á fyrirhleðsluvegg fyrir framan klettana er um 0.30 m. Hleðsluhæð á millihleðslum er um 0.40 m. Frá þeirri millihleðslu er hleðsluveggur í klettaveginum, þar er hleðsluhæð 1.10 m.

## Kaldáesel 185-14



*Mynd 15, horft til austurs að garðinum*



*Mynd 16, horft til austurs að opi/rofi á garðinum fyrir miðju hans.*

**Hlutverk:** Hleðslugarður

**Tegund:** Garðlag

**Aldur:** 1850

**Hnit:** X 358916      Y 394644

**Staðhættir:** Vegurinn að Kaldárseli liggur ofan og sunnan Sléttuhlíðar og heldur áfram til suðausturs, en annar armur beygir að Kaldárseli. Áður en komið er að Kaldárseli skiptist vegurinn aftur og liggur þá í austur að Kaldárseli, en hinn armurinn liggur í vestur, eftir þeim vegi eða slóða er um 300 m í vestur. Þá eru um 100 m í suður að afmörkuð svæði í klettagili í Gjánú, þar sem er grasivaxið og trjágróður. Innan svæðisins er að finna hleðslur frá fjárbúskap. Einnig hefur þar verið sumarbústaður sem nú sést bara grunnurinn af ásamt byggingarefni bústaðarins sem liggur ofan á grunninum. Hleðslur innan svæðisins geta verið í tengslum við bústaðinn.

**Lýsing:** Fyrirhleðslugarðurinn er hlaðinn til að loka af gili. Garðhleðslan liggur allt að því í norður-suður. Hleðslugarðurinn er um 20 m langur á milli gilveggjanna, en hleðslan nær upp með veggjunum, og er hleðsluhæð að sunnan um 1.50 m, en að jafnaði er hleðsluhæð um 1m. Rof/inngangur er fyrir miðjum garðinum.


## Kaldársel 185-15



Mynd 17. Stekkurinn, horft til vesturs.



Mynd 18, horft til suðurs yfir hrundar hleðslur stekksins.



Teikning 9. Stekkurinn.

**Hlutverk:** Stekkur.

**Tegund:** Garðlag.

**Aldur:** 1850.

**Hnit:** X 358902      Y 394670

**Staðhættir:** Vegurinn að Kaldárseli liggur ofan og sunnan Sléttuhlíðar og heldur áfram til suðausturs, en annar armur beygir að Kaldárseli. Áður en komið er að Kaldárseli skiptist vegurinn aftur og liggur þá í austur að Kaldárseli, en hinn armurinn liggur í vestur, eftir þeim vegi eða slóða er um 300 m í vestur, þá er um 100 m í suður að afmörkuð svæði í klettagili í Gjánum þar sem er grasivaxið og trjágróður. Innan svæðisins er að finna hleðslur frá fjárbúskap. Einnig hefur þar verið sumarbústaður sem nú sést bara grunnurinn af ásamt byggingarefni bústaðarins sem liggur ofan á grunninum. Hleðslur innan svæðisins geta verið í tengslum við bústaðinn.


**Lýsing:** Á smá hæð í landinu eru hleðslur. Hleðslukantur sem liggur austur-vestur í landinu er um 7 m langur og hleðsluhæð um 0.30 m. Steinastærð er um 0.15 - 0.30 m. Út frá þessari hleðslu liggur í landinu hleðsla í halla í landinu sem er utan í klettabelti sem er um 4-5 m á hæð frá hæðinni. Hleðslan er hleðsluveggur sem liggur upp að klettabeltinu, hleðsluhæð um

1.20 m, og út frá honum er allt að því hringlaga hólf. Þar er hluti hólfins hlaðinn, en lágur klettaveggur myndar hluta hólfins. Hleðslur hafa hrunið inn að miðju hólfins. Hleðsluhæð að hólfinu er um 0.30-0.45 m. Steinastærð er um 0.20-0.45 m.

## Kaldársel 185-16



Mynd 19, horft til austurs yfir stekkin.



Teikning 10. Stekkurinn.

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Garðlag

**Aldur:** 1850

**Hnit:** X 358894 Y 394641

**Staðhættir:** Vegurinn að Kaldárseli liggur ofan og sunnan Sléttuhlíðar og heldur áfram til suðausturs, en annar armur beygir að Kaldárseli. Áður en komið er að Kaldárseli skiptist vegurinn aftur og liggur þá í austur að Kaldárseli, en hinn armurinn liggur í vestur, eftir þeim vegi eða slóða er um 300 m í vestur, þá er um 100 m í suður að afmörkuð svæði í klettagili í Gjánum þar sem er grasivaxið og trjágróður. Innan svæðisins er að finna hleðslur frá fjárbúskap. Einnig hefur þar verið sumarbústaður sem nú sést bara grunnurinn af ásamt byggingarefni bústaðarins sem liggur ofan á grunninum. Hleðslur innan svæðisins geta verið í tengslum við bústaðinn.

**Lýsing:** Undir um 7-9 m háu nokkuð sléttu klettabelti eru hleðslur frá stekk. Stekkurinn er tvö hólf. Þar er önnur langhlið stekksins klettaveggurinn, en hin langhlið er hlaðin. Þar er hleðsluhæð um 1 m að austan við innganginn, en um 0.70-0.80 m vestan við hann. Steinastærð er um 0.10-0.25 m.

Þarna um lá gamli Kaldárselsvegurinn á sínum tíma.

## Kaldársel 185-17



*Mynd 20, horft til norðurs yfir hússtæðið.*

**Hlutverk:** Býli/sumarbústaður  
**Tegund:** Steinsteypa/steinlögn  
**Aldur:** 1965  
**Hnit:** X 358879 Y 394680

**Staðhættir:** Vegurinn að Kaldárseli liggur ofan og sunnan Sléttuhlíðar og heldur áfram til suðausturs en annar armur beygir að Kaldárseli. Áður en komið er að Kaldárseli skiptist vegurinn aftur og liggur þá í austur að Kaldárseli, en hinn armurinn liggur í vestur, eftir þeim vegi eða slóða er um 300 m í vestur, þá er um 100 m í suður að afmörkuð svæði í klettagili í Gjánum þar sem er grasivaxið og trjágróður. Innan svæðisins er að finna hleðslur frá fjárbúskap. Einnig hefur þar verið sumarbústaður sem nú sést bara grunnurinn af ásamt byggingarefni bústaðarins sem liggur ofan á grunninum. Hleðslur innan svæðisins geta verið í tengslum við bústaðinn. Byggingin hefur staðið norðan undir klettabelti sem veitt hefur skjól við bygginguna.

**Lýsing:** Undirstaða frá sumarbústað sem þarna var. Undirstaðan er smágrjót á afmörkuðu svæði með steypum kanti að hluta til. Í kringum hann ofan á steinunum liggur timbur sem hefur verið þak byggingarinnar, og dreifist út fyrir grunninn til norðurs.

**Aðrar upplýsingar:** Samkvæmt heimildarmanni var það Helgi Guðjón Þórðarson (f.3.2.1929, d. 2.11.2003) sem átti þennan sumarbústað. Ekkja hans er Thorgerd Elísa Mortensen, sem er á lífi. Börn þeirra eru Þórður Helgason verkfræðingur, Daníel Helgason húsasmiður, Hallur Helgason kvikmyndagerðarmaður og Kristín Svanhildur Helgadóttir kennari.

## Kaldársel 185-18



*Mynd 21, horft til vesturs að garðinum.*



*Mynd 22, horft til austurs að garðinum.*

**Hlutverk:** Vörslugarður

**Tegund:** Garðlag

**Aldur:** 1850

**Hnit:** X 358845 Y 394673

**Staðhættir:** Vegurinn að Kaldárseli liggur ofan og sunnan Sléttuhlíðar og heldur áfram til suðausturs en annar armur beygir að Kaldárseli. Áður en komið er að Kaldárseli skiptist vegurinn aftur og liggur þá í austur að Kaldárseli, en hinn armurinn liggur í vestur, eftir þeim vegi eða slóða er um 300 m í vestur, þá er um 100 m í suður að afmörkuð svæði í klettagili í Gjánum þar sem er grasivaxið og trjágróður. Innan svæðisins er að finna hleðslur frá fjárbúskap. Einnig hefur þar verið lítið hús sem nú sést bara grunnurinn af ásamt byggingarefni hússins sem liggur ofan á grunninum. - Hleðslur innan svæðisins geta verið í tengslum við bústaðinn. Hleðslurnar liggja inn á svæðið út frá norðnorðvesturhlið á hlöðnum garði sem er í kringum svæðið.

**Lýsing:** Frá garðinum í kringum svæði liggja 1-2 m langir hleðslugarðar inn á svæðið. Rof er í garðinn við vestasta garðinn. Hleðsluhæðin er hæst upp við garðinn og er þar um 1m, en lækkar fram þar sem hrúnið hefur úr garðinum.

## Kaldársel 185-19



*Mynd 23, höft til suðurs yfir garðinn.*



*Mynd 24, horft til austurs yfir garðinn.*

**Hlutverk:** Vörslugarður

**Tegund:** Garðlag

**Aldur:** Um 1965

**Hnit:** X 358803 Y 394663 - X 358816 Y 394680 - X 358827 Y 394658

**Staðhættir:** Vegurinn að Kaldárseli liggur ofan og sunnan Sléttuhlíðar og heldur áfram til suðausturs, en annar armur beygir að Kaldárseli. Áður en komið er að Kaldárseli skiptist vegurinn aftur og liggur þá í austur að Kaldárseli, en hinn armurinn liggur í vestur, eftir þeim vegi eða slóða er um 300 m í vestur, þá er um 100 m í suður að afmörkuð svæði í klettagili í Gjánum þar sem er grasivaxið og trjágróður. Innan svæðisins er að finna hleðslur frá fjárbúskap. Einnig hefur þar verið bústaður sem nú sést bara undirstaðan sem er hraungrjórt sem steypt hefur verið í að hluta ásamt byggingarefni bústaðarins sem liggur ofan á grunninum. - Hleðslur innan svæðisins geta verið í tengslum við bústaðinn.


Undirhleðslugirðing og garðlag umlykja svæðið.

**Lýsing:** Undirhleðslugarðurinn liggur að vestur- norður-suðurhluta svæðisins, en hleðslugarður lokar svæðinu til austurs- og hann liggur að undirhleðugirðingunni á norður- og suðurhlíð.

## Kaldársel 185- 20



Mynd 25, horft til norðurs yfir stöðulinn.



Teikning 11 stöðullinn..

**Hlutverk:** Stöðull

**Tegund:** Garðlag

**Aldur:** 1850

**Hnit:** X 358826 Y 394673

**Staðhættir:** Vegurinn að Kaldárseli liggur ofan og sunnan Sléttuhlíðar og heldur áfram til suðausturs, en annar armur beygir að Kaldárseli. Áður en komið er að Kaldárseli skiptist vegurinn aftur og liggur þá í austur að Kaldárseli, en hinn armurinn liggur í vestur, eftir þeim vegi eða slóða er um 300 m í vestur, þá er um 100 m í suður að afmörkuð svæði í klettagili í gjánum þar sem er grasivaxið og trjágróður. Innan svæðisins er að finna hleðslur frá fjárbúskap. Einnig hefur þar verið bústaður sem nú sést bara undirstöður af ásamt byggingarefni bústaðarins sem liggur ofan á undirstöðum sem hafa verið úr hraungrjóti sem hefur verið steipt í að hluta. Stöðullinn er vestarlega á svæðinu í þröngum gilskorningi undir brekkurótum á mótum suðri.

**Lýsing:** Undir brekkurótum ofan í smá kvos eru mosavaxnir náttúrusteinar og frá þeim eru hleðslusteinar til mótunar stöðulsins. Hleðslur hafa hrunið og liggja mosavaxnar nokkuð þétt saman. Hleðsluhæð er um 0.60 m. Steinastærð er um 0.10-0.25 m. Um 1 m í norðvestur frá stöðlinum er hleðsluveggur sem lokar af náttúrlega mynduðu landinu. Hleðsluhæð er um 1m. Steinastærð er um 0.10-0.30 m. Greina má smá hleðslur í norðvestur frá aðalhleðslunni sem samsvara henni.

## Kaldársel 185-21



Mynd 26, horft til suðurs að Steinhesi.



Mynd 27, horft til norðurs að Steinhesi.

**Sérheiti:** Steinhes/Steinhús

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Náttúruminjar

**Aldur:** 1882

**Hnit:** X 358979 Y 394255

**Staðhættir:** Um 150 m eftir veginum frá Kaldárseli í norður, þá um 250 m í vestur eftir hæðardragi í landinu.

Steinhes eða Steinhús er hornmark landamerkjja fyrir Hvaleyri, Ás, Jófríðarstaði, Hamarskot og Garðakirkjuland.

**Lýsing:** Steinhes er stakur steinn sem stendur fremst á hæðardragi þar sem sést vel yfir landið í austur-suður og vestur. Kletturinn er grasivaxinn á vesturhliðinni, en gróðursnauður að austan. Hann er opinn til suðurs og er hellislaga. Opnið er um 1.60 m á hæð og um 1 m á breidd, og hann er um 3 m langur.

**Aðrar upplýsingar:** Í gegnum tíðina hafa menn notað ýmsar og misáhrifaríkar leiðir til að afmarka landeignir sínar (sjá t.d. umfjöllun í [Ársskýrslu Fasteignamats Ríkisins frá árinu 2006](#)). Árið 1882 voru sett lög um landamerki. Ástæðan var sögð sú að tryggja rétt fasteignaeigenda en lögin hafa þó vafalaust komið sér vel við skattlagningu og minnkað áhættu veðhafa til muna. Hvað sem því líður, kváðu lögin á um gerð landamerkjalyfinga með vísan í örnefni eða önnur kennileiti

Heimild: Þjóðskrá Íslands Landamerki: Um afmörkun landeigna. Heimasíða.

## Kaldársel 185-22



Mynd 28, Fjárborgin á Borgarstandinum, horft til austurs. Mynd, Jónatan Garðarsson.

**Sérheiti:** Fjárborg

**Hlutverk:** Fjárborg

**Tegund:** Garðlag

**Aldur:** 1790

**Hnit:** X 359353 Y 394416

### Friðlýst.

**Staðhættir:** Um 400 m eftir veginum frá Kaldárseli í vestur að Hafnarfirði. Uppi á smá hóldragi í landinu suðvestan undir Borgarstandi um það bil þar sem vegurinn beygir til norðurs eru um 10 m frá veginum að tveimur friðlýstum fornleifum sem eru fjárhústóft (185-8) og gerði (185-9). Frá þessum minjum um 36 m í austsuðaustur er Fjárborgin uppi á Borgarstandinum. Við hana er friðlýsingamerki.


**Lýsing:** Fjárborgin er fallin að mestu, en neðsti hluti hennar er heillegur að austast. Hleðsluhæð um 0.60 m. Annað grjót liggur þannig að borgin hefur hrunið til vesturs. Stærð grjóthaugsins sem eftir stendur af fjárborginni er um 7x7 m<sup>2</sup>.

**Aðrar upplýsingar:** Í ferðabók sinni segir Sveinn Pálsson frá seli sem Markús Magnússon prófastur á Görðum hefur 1791:

Þarna í grenndinni hefur Markús prófastur í seli og hyggst einnig héðan í frá að hafa allt fé sitt þar á vetrum og láta tvo menn gæta þess þar. Í þessu skyni hefur hann látið bera þar saman 100 hesta hey, sem slegið er þar efra, svo hægt sé að gefa fé, ef svo verður hart í ári, að tekur fyrir beit. Auk þessa hefur þessi dugnaðar bóndi látið gera nokkrar fjárborgir úr grjóti þar í grennd. Þetta eru eins konar fjárhús, kringlótt og

keilulaga og hlaðin þannig saman, að enginn spýta er í þeim. Hvert þeirra rúmar um 50 fjár.<sup>21</sup>

Má ætla að hér sé um lýsingu á Kaldárseli er að ræða. Lítið er vitað um Kaldársel frá því Sveinn Pálsson var þar á ferð í nóvember árið 1792 þar til árið 1842. Í lok 19. aldar nýttu Hvaleyrarbændur Kaldársel sem selstöðu og leigðu þá selstöðuna af Garðakirkju. Árið 1842 keypti Jón Hjörtson Hvaleyri og allar hjáleigur jarðarinnar. Jón og Þórunn Sigurðardóttir kona hans voru með selstöðu í Kaldárseli á þeim tíma er þau bjuggu á Hvaleyri. Jón og Þórunn höfðu sjálf umsjón með selinu og voru þar stóran hluta úr sumrinu. Jón lést árið 1866 og eftir það lögðust selfarir í Kaldársel niður.<sup>22</sup>



*Mynd 29. Fjárborg og hellir við Kaldársel. Úr bókinni Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár eftir Daniel Bruun.<sup>23</sup>*

---

<sup>21</sup> Sveinn Pálsson: *Ferðabók Sveins Pálssonar*. I bindi. Reykjavík 1983. Bls. 34-35.

<sup>22</sup> Ólafur Þorvaldsson: *Áður en fifan fýkur*. Reykjavík 1968. Bls. 121, 123-125.

<sup>23</sup> Bruun, Daniel: *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár*. II bindi. Reykjavík 1987. Bls. 513.

## Kaldársel 185-23



*Mynd 30, horft til austurs yfir grasivaxið svæði fyrrum fjárborgar. Mynd, Jónatan Garðarsson*

**Sérheiti:** Fjárborg.

**Hlutverk:** Fjárborg.

**Tegund:** Heimild

**Aldur:** 1800

**Hnit:** X 359448 – Y 394478

**Staðhættir:** Um 400 m eftir veginum frá Kaldárseli í vestur að Hafnarfirði. Uppi á smá hóldragi í landinu suðvestan undir Borgarstandi um það bil þar sem vegurinn beygir til norðurs eru um 10 m frá veginum að tveimur friðlýstum fornleifum sem eru fjárhústóft (185-8) og gerði (185-9). Frá þessum minjum og Fjárborginni (185-22), sem einnig er friðlýst, um 114 m í norðaustur í nokkuð sléttu mosa- og lyngvöxnu landinu er afmarkaður grasivaxinn flötur þar sem Fjárborgin hefur staðið.

**Lýsing:** Mest allt grjót úr fjárborginni var fjarlægð 1964, og grjótið notað í ónefndan blómagarð í Hafnarfirði. Eftir stendur að greina má staka steina í köntunum undir grasinu. Þá er nokkuð vel afmarkaður grasi gróinn innri hringur sem er um 6.5 m í þvermál. Þessi hringlaga flötur er aðeins hærri en landið í kring, eða um 0.10-0.20 m á hæð.

## Kaldársel 185-24



*Mynd 31, Kaldárselsstígur, horft til suðurs að stígnum sem liggur samhliða akveginum að Kaldárseli.*



*Mynd 32, Kaldárselsstígu, horft til norðurs eftir stígnum þar sem hann er markaður í steinhelluna. Mynd, Jónatan Garðarsson.*



*Mynd 33, Kaldárselsstígur horft í suðaustur að Kaldárseli.*



*Mynd 34, horft í suðsuðvestur, hér sést hvar stígurinn liggur neðan við Borgarstand og fjárhústóftina (185-8) og yfir sprunguna, með hraunbrúnni. Stígurinn er u.þ.b. þvert yfir miðja myndina.*

**Sérheiti:** Kaldárstígur

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Aldur:** 1700

**Hnit:** Sjá fylgiskjal 1.

**Lýsing:** Frá Kaldárseli liggur stígurinn nokkurn veginn samhliða akveginum sem er vestan við hann í norður eftir nokkuð sléttu landinu sem er mosa- og lynggróið og sveigir aðeins þar sem hann liggur um smá skorninga eða misgengi um 200 m frá Borgarstandinum... (á eftir að mæla á korti frá Elsu). Stígurinn liggur til norðvesturs í áttina að tóftinni, og þar sem hann er sunnan undir Borgarstandi liggur hann yfir klettagil eða misgengissprungu.

Hlaðið er upp í þessa sprungu og myndar hleðslan einskonar hraunbrú til að auðvelda gönguna (Hnit: E 359304 - N 394391). Eitthvað hefur hrunið úr hleðslunni, en hraunbrúin er þó vel sýnileg. Sprungan liggur eins og aðrar sprungur á þessu svæði í stefnunni norðaustur - suðvestur, en stígurinn liggur NORÐVESTUR yfir sprunguna og áfram í áttina að Gjánum.

Brúin yfir sprunguna er um 1,5 m á breidd á þessum stað. Hleðslan er um 1,2 m á breidd? Og hæðin um 5 m.

Stígurinn liggur til norðvesturs neðan við tóftina og stekkin (185-8 og 185-9) og þar undir núverandi Kaldárselsvegi á u.þ.b. fimm metra kafla. Síðan fylgir hann gamla Kaldárselsveginum sem gerður var um eða eftir 1925 þegar KFUM og K byggðu sumarhúðir sínar í Kaldárseli. Stígurinn er rétt norðaustan við þennan veg í um 4-5 m fjarlægð. Þar skiptast á moldartroðningar og vel klappaður stígur í helluhraun sem þarna er á smá kafla. Þar sem stígurinn er ofan á hraunklökkinni er hann mjög greinilegur og markar vel fyrir honum í klökkinni.

Síðan tekur við nokkuð slétt land inni í Gjánum þar sem stígurinn er markaður í mold og mól og slétta kletta þar sem hann liggur að þeim stað þar sem sumarhústaður var byggður um miðja síðustu öld.

Þar eru hlaðnir tveir veggir úr hraungrjóti sem rjúfa gömlu leiðina, en vestast liggur stígurinn upp úr Gjánum og síðan norður frá þeim í áttina að Sléttuhlíð og Moldarflötum, en eftir það fylgir hann syðri hraunbrún Gráhelluhrauns framhá Hlíðarþúfum þar til hann sameinast Selvogsgötu við Mosahlíð.

**Aldur:** 1700

**Staðhættir:** Kaldarstígur liggur á fyrirhuguðu deiliskipulagssvæði frá gatnamótum að heimreið Kaldársels austan vegarins og og síðan meðfram veginum til norðausturs, að gatnamótum sumarhúsa.

## Niðurstöður

Hafa ber í huga ákvæði laga um Menningarminjar um áður óþekktar fornleifar með tilvísun í VI. KAFLA, Verndun og varðveisla fornminja. 24 grein segir svo:

*“Áður ókunnar fornminjar.*

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.”<sup>24</sup>

Í Skipulagslýsing sem er tillaga í vinnslu 03.05.2016 segir m.a.:

### **“Afmörkun svæðisins samkvæmt deiliskipulagi Landmótununnar.**

Svæðið afmarkast í norðri að mestu af náttúruvættinu Kaldárhraun og Gjárnar og liggur að deiliskipulagi Sléttuhlíðar. Vestan við Kaldárselsveg verða mörkin að aðliggjandi deiliskipulagi Sléttuhlíðar skoðuð þar sem finna þarf svæði fyrir bílastæði utan grannsvæðis vatnsverndar. Auk náttúruvættisins nær deiliskipulagið yfir allt brunnsvæði vatnsverndar í Kaldárbotnum auk hluta grann- og öryggissvæðis. Innan vatnsverndar er Kaldársel. Svæðið er um 257 ha að stærð og er í eigu Hafnarfjarðarbæjar.

Eins og tekið er fram í tillögunni að deiliskipulaginu er eitt af því, sem liggur fyrir, að finna þarf svæði fyrir bílastæði, án þess að það verndarsvæði vatnsverndar verði skert. Fornleifaskráning snýr að þeim hluta verndunar að ekki verði fornleifum raskað við fyrirhugaðar framkvæmdir, og að deiliskipulagið sem er enn í vinnslu miðist að því að vernda þær minjar sem hafa verið skráðar á svæðinu.

Helsta jarðraskið á fyrirhuguðu deiliskipulagsvæði hefur átt sér stað á bæjarstæði Kaldársels þegar byggingar K.F.U.M. og K. voru reistar 1925. Þær byggingar standa ennþá og eru enn í notkun. Nokkrir vegir skera landið, þar á meðal vegurinn að Kaldárseli. Sumir af þessum vegum hafa verið endurgerðir og sett á þá bundið slitlag. Þá liggur þarna um Kaldárstígur (185-25) sem er aldagömul leið að Kaldárseli. Annars er landið nokkuð óhreyft. Til marks um það er undirhleðslugarður vatnstokks (185-5) sem var hlaðinn 1918 um 1.5 km lengd í gegnum landið, allt frá vegi sem liggur frá Lambagjá í vestur og fylgir síðan landinu upp að slóða sem liggur að Helgafelli í suður. Garðhleðslurnar liggja ofan á sverðinum og hafa því

---

<sup>24</sup> Heimasíða Alþingis .Menningarminjar *Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).*

ekki valdið beinu jarðraski við gerð garðsins. Þá eru í landinu á afmörkuðum stöðum minjar sem tilheyra fjárbúskap fyrri tíma í Kaldárseli, eins og fjárhús (185-8), fjárhúshellar /skútar(185- 10.11,12), stekkir (185-13,15,16) og garðar (185-14,18). Þar fyrir utan eru yngri minjar innan svæðisins sem voru skráðar líka svo ekki kæmi til mistúlkunnar á aldri þeirra (185-4,16,17).

Innan svæðisins eru 4 friðlýsar fornleifar sem þarf að taka sérstaklega tillit til:

1. *Bæjarrústir, rétt sunnan við skála KFUM, svo og aðrar rústir í hinu gamla túni. (185-1, 185-3).*
2. *Fjárborg, nú hrunin, þar sem hæst ber á svonefndum Standi, skammt fyrir norðan bæjarrústirnar. (185-22).*
3. *Fjárhústóft og gerði, rétt hjá borginni, þeim megin sem frá bæjarrústunum veit. (185-8, 185-9).*
4. *Hleðsla undir gamla vatnsveitustokkinn til Hafnarfjarðar, þvert yfir gjá. (185-5).*

Í lögum um menningarminjar segir:

“ VI. kafli Verndun og varðveisla fornminja 22. gr.

*Friðhelgun og merkingar.*

Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.

Minjastofnun Íslands skal sjá til þess að friðlýstar fornleifar eða minjastaðir séu auðkennd með sérstökum merkjum. Upplýsingaskilti eða aðrar merkingar við friðlýstar fornleifar skulu vera í samræmi við reglur sem stofnunin setur, og skal staðsetning þeirra vera háð samþykki stofnunarinnar. Minjastofnun Íslands er heimilt að fjarlægja skilti eða aðrar merkingar, sé gerð þeirra og staðsetning ekki í samræmi við reglur sem stofnunin setur og kynnir.”<sup>25</sup>

Það sem er einkennandi fyrir fornleifaskráninguna er að flestar skráðar minjar hafa tengingu við fjárbúskapinn sem stundaður hefur verið í Kaldárseli frá fyrstu heimildum um búskap frá 1703 í Jarðabók Árna og Páls. Fyrst ber þá að nefna bæjarstæði Kaldársel (185-1), sem er þó ekki sýnilegt í dag vegna þeirra bygginga sem þar standa, en rétt vestan við húsin má greina tóftaveggi sem hafa staðið af sér umrót á staðnum. Það má einnig greina tóftaveggi (**185-3**) frá austurenda hússins sem liggja niður að ánni. Samkvæmt minjalögum er þetta svæði **friðlýst**.

Það sem er í nærumhverfi Kaldársels er vaðið (**185-2**) um 50 m frá Kaldárselshúsinu í suður.

---

<sup>25</sup> Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing [316. mál](#): menningarminjar (heildarlög).

Lög nr. 80 29. júní 2012.

Um 160-200 m í vestur frá Kaldárseli má finna leifar af hleðslum af áveitu **(185-6,7)** í uppþornuðum lækjarfarvegi sem nú er grasivaxinn og víða nokkur trjágróður og liggur í skorningum í landinu, sem nefnast Neðri-Kaldárbotnar.

Það sem sker sig úr landinu við Kaldársel í um 150 m í vestur er hleðslugarðurinn **(185-5)** sem var hlaðinn 1918 undir vatnsstokkinn sem lagður var til flytja hluta vatnsmagns Kaldár ofanjarðar í tréstock og sleppa því í suðurhorn Sléttuhlíðar. Stokkurinn var um 1,5 km að lengd. Vatnið fann sér leið neðanjarðar að Lækjarbotnum þar sem vatnsveita Hafnfirðinga var. Skiluðu þessar umbætur nægjanlegum vatnsbirgðum til Hafnfirðinga. Þessi fornleif er **friðlýst**.

Annað sem sker sig nokkuð vel úr í landinu er Kaldárselsstígur **(185-24)**. Stígurinn liggur í norður eftir nokkuð sléttu landinu sem er mosa- og lynggróið og fylgir nokkurn veginn veginum að Kaldárseli að vestan. Þá beygir stígurinn til austurs neðan við tóftina og stekkin **(185-8 og 185-9)** framhjá Borgarstandi. Þar liggur hann um slétta klettabreiðu þar sem markar vel fyrir stígnum í klöppinni. Síðan tekur við nokkuð slétt landið þar sem stígurinn er markaður í mold og mól og endar út við gatnamót vegar sem liggur að sumarbústöðum og Gjánum. Upp úr Gjánum og síðan norður frá þeim í áttina að Sléttuhlíð og Moldarflötum, en eftir það fylgir hann syðri hraunbrún Gráhelluhrauns framhjá Hlíðarþúfum þar til hann sameinast Selvogsgötu við Mosahlíð.

Leiða má líkur að því að Kaldárselsstígur hafi þjónað þeim sem höfðu erindi til og frá Kaldárseli í gegnum aldir.

Um 150 m eftir veginum frá Kaldárseli í norður, þá um 250 m í vestur eftir hæðardragi í landinu, er náttúrulega lagað landamerki, Steinhes/hellisskúti, **(185-21)** sem er hornmark fyrir Hvaleyri, Ás, Jófríðarstaði, Hamarskot og Garðakirkjuland.

Þegar komið er fjær Kaldárseli fara að sjást merki um fjárbúskap í landinu.

Þar er **friðlýst** fjárhústóft **(185-8)** um 400 m eftir veginum frá Kaldárseli í vestur að Hafnarfirði. Hún er á smá hóldragi í landinu suðvestan undir Borgarstandi um það bil þar sem vegurinn beygir til norðurs. Samtengdur við fjárhústóftina er stekkur **(185-9)** sem einnig er friðlýstur.

Þar austan við eru leifar af fjárborg **(185-22)** sem er fallin, þessi fjárborg er **friðlýst**. Um .....í austur var önnur fjárborg **(185-23)** en hleðslusteinar úr henni voru fjarlægðir 1964, og enduðu í ónefndum blómagarði í Hafnarfirði.

Þá eru einnig minjar um fjárbúskap á afmörkuðu svæði. Þar sem vegurinn liggur ofan og sunnan Sléttuhlíðar sunnan Klifsholta og Smalaskála og heldur áfram til suðausturs er annar armur, sem beygir að Kaldárseli. Suðvestan við gatnamótin er nokkuð slétt snöggvaxið graslendi og lynggróður með hraunbreiðum og gisnum lágvöxnum trjágróðri. Í smá lægð í landinu eru hleðslur sem hlaðnar eru inn í landið, og umhverfið notað sem stuðningur við þær. Hellirinn og hleðslan eru um 55 m frá gatnamótunum í vestur. Þetta svæði er nokkuð sérstakt og fyrir útsjónasaman fjárbónda hefur það verið ákjósanlegt með litlum hellum sem hægt var að hlaða í kring, sem nýttust vel sem fjárskjól í náttúrulega afmörkuðu svæðinu **(185-10,11,12)**.

Þá stekkur er **(185-13)** þar sem vegurinn að Kaldárseli liggur ofan og sunnan Sléttuhlíðar og heldur áfram til suðausturs, en annar armur beygir að Kaldárseli. Áður en komið er að Kaldárseli skiptist vegurinn aftur og liggur þá í austur að Kaldárseli, en hinn armurinn liggur í vestur. Eftir þeim vegi eða slóða eru um 230 m að stekknunum þar sem hann er mótaður af klettabelti og þar sem hlaðið hefur verið milli kletta og fyrirhleðslur til að loka honum af.

Á afmörkuðu svæði í Gjánum þar sem er grasivaxið og trjágróður. Innan svæðisins er að finna hleðslur frá fjárbúskap en þarna hefur náttúrulegt umhverfið verið motað til að skapa umgjörð um búskapinn. Þarna eru tveir stekkir **(185-15,16)**, Stöðull **(185-20)**, þá er vörslugarðar sem loka gjánni (185-14,18).

Aðrar minjar sem voru skráðar teljast ekki til eiginlegra fornminja, en eru innan fyrirhugaðs deiliskipulags. Um 250 m norðnorðaustur frá Kaldárseli er upphlaðinn vegaspotti sem lagður var 1950 (185-4) sem liggur um Lambagjá.

Þá er undirstöður smáhýsis frá 1965 (185-17) sem er í klettagjá, þar sem eru fyrir minjar um fjárbúskap. Við þessa gjá er einnig undirhleðslugarður frá 1965 (185-19).

Heimild um fjárhús (1799-4) sem hefur verið sléttað.

## Samantekt á niðurstöðum.

Vegna fyrirhugaðs deiliskipulags ber sérstaklega taka tillit til þeirra friðlýstu fornleifa sem eru innan svæðisins. Það eru:

1. *Bæjarrústir, rétt sunnan við skála KFUM og K, svo og aðrar rústir í hinu gamla túni. (185-1, 185-3)*
2. *Fjárborg, nú hrunin, þar sem hæst ber á svonefndum Standi, skammt fyrir norðan bæjarrústirnar. (185-22).*
3. *Fjárhústóft og gerði, rétt hjá borginni, þeim megin sem frá bæjarrústunum veit. (185-8, 185-9).*
4. *Hleðsla undir gamla vatnsveitustokkinn til Hafnarfjarðar, þvert yfir gjá. (185-5).*

**En samkvæmt Minjalögum hafa friðlýstar fornleifar 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis, nema kveðið sé á um annað.**

Fjárborg (185-23) en hleðslusteinar úr henni voru fjarlægðir 1964, og enduðu í ónefndum blómagarði í Hafnarfirði. Þessi fjárborg er því næst horfin, en stæði hennar er þó vel greinanlegt, og nándin við leifar fjárborgar (185-22) sem er friðlýst gerir að minni hættu er á jarðraski við þessa horfnu fjárborg.

Náttúrulega lagað landamerki, Steinhes/hellisskúti, (185-21) sem er hornmark fyrir Hvaleyri, Ás, Jófríðarstaði, Hamarskot og Garðakirkjuland. Lög um landamerki voru sett 1882 Ástæðan var sögð sú að tryggja rétt fasteignaeigenda en lögin hafa þó vafalaust komið sér vel við skattlagningu og minnkað áhættu veðhafa til muna. Lögin kváðu á um gerð landamerkjalyýsinga með vísan í örnefni eða önnur kennileiti Má því ætla að Steinhes eigi rætur sínar í rekja til landamerkjalagana frá 1882, og njóti friðar vegna aldus samkvæmt því.

Kaldárselsstígur (185-24) er gömul leið, sem liggur frá Kaldárseli í gegnum landið að Gjánum og síðan norður frá þeim í áttina að Sléttuhlíð og Moldarflötum, en eftir það fylgir hann syðri hraunbrún Gráhelluhrauns framhjá Hlíðarþúfum þar til hann sameinast Selvogsgötu við Mosahlíð. Þar sem vegurinn liggur að hluta til á fyrirhuguðu skipulagssvæði verður að taka fullt tillit til þess að legu hans verði ekki raskað á neinn hátt.

Um 50 m í suður frá Kaldárseli er Kaldárselsvaðið (185-2).

Um 160-200 m í vestur frá Kaldárseli eru leifar af hleðslum af áveitu (185-6,185-7) í uppþornuðum lækjarfarvegi sem liggur í skorningum um landinu, sem nefnast Neðri-Kaldárbotnar. Þessara minja ber að taka tillit til vegna aldurs og nálægðar við bæjarstæðið.

Minjar um fjárbúskap eru á afmörkuðum svæðum út frá Kaldárseli. Þar sem náttúrulega landmótun hefur verið nýtt af útsjónarsömum fjárbóndanum, sem hefur nýtt landið fyrir fé sitt, notað smá hella sem skjól og hlaðið að þeim til að gera þá fjárheldari. (185-10, 185-11, 185-12). Svæðið hefur mikið gildi sem heild og ber því að halda því sem slíku.

Annað afmarkað svæði sem hefur að geyma hleðslur frá fjárbúskap þar sem náttúrulegt umhverfið hefur verið motað til að skapa umgjörð um búskapinn. Þarna eru tveir stekkir (185-



**15, 185-16), Stöðull (185-20)**, þá eru vörslugarðar sem loka gjánni (**185-14, 185-18**). Þarna eru minjar á svæðinu sem hafa gildi sem heild og ber að halda því þannig.

Án þess að vera hluti af stærri heild er stekkur (**185-13**), sem er hlaðinn inn að klettabelti sem er suður- og vesturhlið hans að hluta. Þarna hefur náttúrulega mótað landið verið notað til að skapa umgjörð við liðna búskaparhætti, og er hluti af búskaparminjum sem eru við Kaldársel, og varðveitist sem slíkt.

Minjar sem voru skráðar, en teljast ekki til fornminja vegna ungs aldurs eru: Upphlaðinn vegaspotti sem lagður var 1950 (**185-4**), sem liggur um Lambagjá.

Þá er undirstöður smáhýsis frá 1965 (**185-17**) sem er í klettagjá, þar sem eru fyrir minjar um fjárbúskap. Við þessa gjá er einnig undirhleðslugarður frá 1965 (**185-19**).

## Deiliskipulagssvæðið - heildarkort og yfirlitskort fornleifa.



Garðar - Kaldársel

Yfirlitsmynd með skráðum fornleifum.

Yfirlitsmynd með skráðum fornleifum er einnig aftast í skýrslunni.

**Heimildaskrá:**

Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 3. Bindi. Bls. 123-124. Gullinbringu- og Kjósarsýsla. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Brunn, Daniel: *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár*. II bindi. Bls. 325. 513 Reykjavík 1987.

Gunnlaugur Haraldsson: *Helgistaðir við Hafnarfjörð. Garðaprestakall hið forna*. I. bindi. Hafnarfjörður 2014.

Jarðatal J. Johnsens 1847, bls. 92. Kaupmannahöfn 1847

Ólafur Þorvaldsson: *Áður en fífan fýkur. 121, 123-125-128, 130*. Reykjavík 1968.

Sigurbjörn Á. Gíslason: „Í Kaldárseli“. *Vísir* 203 tbl. (28.07.1928), bls. 2.

Sveinn Pálsson: *Ferðabók Sveins Pálssonar*. I bindi. Bls. 34-35 Reykjavík 1983.

**Aðrar heimildir:**

Fornleifaskráning í Hafnarfirði I. Hildur Gestsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir. Fornleifastofnun Íslands FS065-98-12, bls. 111. Reykjavík 1998.

**Landslag ehf landslagsarkitektar FÍLA. Skólauvörðustíg 11, 101 Reykjavík.**

Kaldársel, Kaldárbotnar og Gjárnar – skipulagslýsing vegna vinnu við deiliskipulag bls. 2-3 í deiliskipulagstillögunni.

Lög um menningarminjar 2012 nr. 80, 29 júní, sem tóku gildi 1. janúar 2013. Heimasíða Alþingis. Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing [316. mál](#): menningarminjar (heildarlög). Heimasíða Alþingis.

Þjóðminjasafn Íslands. Þjóðminjaskráning. Fornleifaskráning gerð 1990 af Sigurði Bergsteinssyni.

Þjóðskrá Íslands Heimasíða: Landamerki: Um afmörkun landeigna.

**Heimildarmaður:** Jónatan Garðarsson, Lóuási 2, 221 Hafnarfirði.

## **Fylgiskjal 1.**

**Káldárstígur – hnitin ná frá Kaldárseli, framhá Borgarstandi og að Gjánú**

**Káldárstígur – hnitin ná frá Kaldárseli, framhá Borgarstandi og að Gjánú**

X359440 – Y 394229

X359423 – Y 394243

X 359410 – Y 394257

X 359388 – Y 394272

X 359360 – Y 394293

X 359344 – Y 394316

X 359333 – Y 394333

X 359320 - Y 394345

X 359315 – Y 394360

X 359304 – Y 394391 – hlaðið upp í sprunguna sem liggur frá Borgarstandi, hraunbrú.

X 359279 – Y 394411

X 359234 – Y 394472

X 394484 – Y 394484

X 359202 – Y 394512

X 359175 – Y 394542

X 359163 – Y 394557

X 359159 – Y 394570

X 359130 – Y 394590

X 359103 – Y 394595

X 359078 – Y 394611

X 359040 – Y 394602

X 359011 – Y 394593

X 358962 – Y 394628

X 358936 – Y 394645

X 358914 – Y 394649

## Fylgiskjal 2.

### Hnitaskrá vegna undirhleðslugarðs fyrir vatnsveitustokk

X 359721	Y 394540	185- 5	stokkur
X 359712	Y 394543	185- 5a	
X 359692	Y 394548	185-5b	
X 359685	Y 394548	185-5c	
X 359673	Y 394542	185-5d	
X 359660	Y 394533	185-5e	
X 359753	Y 394540	185-5f	
X 359804	Y 394538	185-5g	
X 359858	Y 394513	185-5h	
X 359924	Y 394475	185-5i	
X 359976	Y 394546	185-5j	
X 359977	Y 394433	185-5k	
X 359985	Y 394428	185-5 L	
X 360006	Y 394410	185- 5 m	
X 359641	Y 394523	185-5n	
X 359618	Y 394511	185-5o	
X 359600	Y 394510	185-5p	
X 359538	Y 394626	185-5q	

# HAFNARFJÖRÐUR

## Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Kaldársel í Hafnarfirði -Viðauki við útgefna skýrslu-



Unnur Magnúsdóttir

**Myndir á forsiðu**

Mynd 1. 185-25. Selvogsgatan

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	4
Kaldársel 185-2 .....	5
Helgadalsrúst .....	6
Niðurstöður .....	7
Fylgiskjal 1 .....	8
Heimildaskrá:.....	9

## Inngangur

Fornleifaskráning var gerð í landi Kaldársels í landi Garða árið 2012 vegna fyrirhugaðs deiliskipulags afmarkaðs svæðis við Kaldársel. Ekki var unnið úr upplýsingnum fyrr en árið 2016 vegna breyttra áhersluatriða. Athugasemd kom frá Minjastofnun Íslands vegna fornleifaskráningarinnar fyrir deiliskipulagða svæðið Kaldársel, Káldárbotnar og Gjárnar í Hafnarfirði. Í fornleifaskráningunni *Hafnarfjörður. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Kaldársel í Hafnarfirði* sem gerð var fyrir deiliskipulagið vantaði að gera fornleifaskráningu fyrir tvo þriðju hluta svæðisins. Þessi skýrsla er því viðbót við þá skýrslu. Einnig var gerð krafa um það að sá partur af Selvogsgötunni sem er innan deiliskipulagsins væri mældur upp og að minnst væri á Helgadalsrústina sem þó er í landi Garðabæjar.

Sá hluti deiliskipulagsins sem ekki hafði verið rannsakaður var genginn í júlí 2017 og engar minjar fundust þar. Helgadalsrústin er færð inn á kort og gert grein fyrir henni. Sá hluti Selvogsgötunnar sem ekki var mældur upp var færður inn í Minjagáttina.

## Kaldársel 185-2



Mynd 2. Varða á Selvogsgötunni.



Mynd 3. Selvogsgatan horft í átt að Helgadal.

<b>Sérheiti:</b>	Selvogsgata
<b>Hlutverk:</b>	Leið
<b>Tegund:</b>	Gata
<b>Aldur:</b>	1600
<b>Hnit:</b>	X 361028      Y 394310

**Lýsing:** Sá hluti Selvogsgötunnar sem skráður var liggur frá Helgadalsrústinum og að landamerkjum við Grindavík. Gatan liggur í gegnum hraun og vel sést móta fyrir götunni. Gatan liggur frá Helgadal yfir Helgadalshraun og meðfram móbergshnúkum sem nefnast Valahnúkar. Þar er gamall gangnamannahellir sem var notaður af leitarmönnum og nefnist Músahellir en hefur einnig verið kallaður Valaból. Selvogsgatan liggur með austurhlið Valahnúka og í áttina að Mygludölum og yfir hraunið sem nær upp í Grindarskörð. Vegurinn er vel greinanlegur á köflum og sést vel móta fyrir honum í hrauninu. Hann er einnig varðaður að hluta og stikaður.

**Staðhættir:** Selvogsgata einnig nefnd Grindaskarðavegur eða Selvogsmannavegur er um 30 km löng og liggur frá Hafnarfirði og að byggðinni í Selvöginum. Leiðin er vörðuð og hafa vörðurnar verið lagfærðar og sumar endurnýjaðar. Leiðin liggur frá Hamarskotsmölinni í Hafnarfirði upp í Kaldársel, meðfram Valahnúkum, austan Helgafells og áfram yfir Bláfjallavegin. Því næst um Kerlingarskarð, Hvalskarð, Katlabrekkur og þaðan niður í Selvog. Í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna segir: „Hann [Selvogsmannavegur] lá úr Hafnarfirði upp á Öldurnar, um Mosahlíð, niður á Stekkjarhraun við Lækjarbotna, suður með Svínholti og Setbergshlíð og Kershelli og áfram suður í Grindaskörð og Selvog.“<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Guðlaugur Rúnar Guðmundsson: *Örnefnalýsing Hafnarfjarðar*.

## Helgadalsrúst

Helgadalsrúst liggur í dalkvos skammt fyrir neðan Helgafell. Rústin var friðlýst af Matthíasi Þórðarsyni þjóðminjaverði árið 1930. Þinglýst 15.11.1930. Í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá árinu 1908 kemur fram að Brynjólfur Jónsson skoðaði Helgadalsrústina. „Rústin er ofantil í miðri brekkunni. Það eru tvær tóftir, er hver gengur af enda annarrar frá suðri til norðurs, eða því sem næst. Er hvor tóft nál. 10 faðm. löng og nál 2 faðm. breið út á veggjabrúnnirnar; en þær eru raunar óglöggvar víða. Dyr sjást á vesturhlið vegg suðurtóftarinnar við suðurgaflinn. Á norðurtóftinni sá ógjörla til dyra og sama er að segja um miðgaflinn. Rústin er öll óglöggvari norðan til; sér aðeins fyrir ummáli hennar. Þeim megin hefur verið húsabyrping á hlaðinu. eru þar útflettar rústir, sem ekki er hægt að greina hverja frá annarri, né ákveða lögun þeirra húsa, sem þar hafa verið.“<sup>2</sup>

Helgadalsrústin er í landi Garðabæjar en liggur rétt við sveitarfélagsmörk Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Selvogsgatan liggur þétt upp við landamörkin. Því mætti tengja Helgadalsrústina við skipulagðar gönguleiðir á svæðinu þegar þær verða hannaðar. Í 6. kafla 22. grein laga um menningarmínjar (nr. 80, 2012) kemur fram:

„Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar á leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.“<sup>3</sup>

Þetta þarf að hafa í huga ef farið verður í framkvæmdir nálægt Helgadalsrústinni.

**Hnit:** X 360498 Y 394379

---

<sup>2</sup> Árbók hins íslenska fornleifafélags. 1908. Reykjavík 1908. Bls. 11.

<sup>3</sup> Þingskjal 1610, 140. Löggjafarþing 316.mál: Menningarmiðjar (heildarlög), lög nr. 80 29. júní 2012.

## Niðurstöður

Við áframhaldandi gerð útvistarsvæðis í Kaldárseli og nágrenni er mikilvægt að taka tillit til Selvogsgötunnar **185-25** og að legu hennar verði ekki raskað. Selvogsgatan var gamla þjóðleiðin sem aðallega var farin þegar bændur í Selvogi og Ölfusi sóttu kaupstað í Hafnarfirði en á síðustu árum hefur hún verið vinsæl gönguleið útvistarfólks. Huga mætti að því að setja upp fræðsluskilti um leiðina í Kaldárseli.

Helgadalsrústin liggur þétt að landamerkjum Hafnarfjarðar og þar sem þær eru friðlýstar og samkvæmt Minjalögum hafa friðlýstar fornleifar 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfi, nema kveðið sé á um annað, er mikilvægt að huga vel að umhverfi hennar.

## Fylgiskjal 1

Kort af deiliskipulagssvæðinu. Selvogsgatan er merkt með rauðu.



## Heimildaskrá:

*Árbók hins íslenska fornleifafélags*. 1908. Reykjavík 1908. Bls. 11.

Guðlaugur Rúnar Guðmundsson: *Örnefnalýsing Hafnarfjarðar*.

Lög um menningarminjar 2012 nr. 80, 29 júní, sem tóku gildi 1. janúar 2013. Heimasíða Alþingis. Þingskjal 1610, 140. Löggjafarþing [316. mál](#): menningarminjar (heildarlög). Heimasíða Alþingis.

*Hafnarfjörður. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Kaldársel í Hafnarfirði*. Heiðrún Eva Konráðsdóttir og Katrín Gunnarsdóttir. Byggðasafn Hafnarfjarðar. Hafnarfjörður 2016.